- Ísland áttunda dýrast í Evrópu, Tékkland ódýrasti sumarleyfisstaðurinn

Ísland áttunda dýrast í Evrópu, Tékkland ódýrasti sumarleyfisstaðurinn

Þrátt fyrir gengisfall íslensku krónunnar á árunum 2008-2009 þá er Ísland áttunda dýrasta land Evrópu sé litið til helstu útgjaldaliða heimila, og er rúmlega 14% dýrara en meðallandið í Evrópusambandinu út frá reiknuðum verðlagsmuni milli landa (e. Price level index). Sviss er langsamlega dýrast, þar sem verðið er heilt yfir um 62% hærra en í Evrópusambandinu. Dýrasta land ESB er hins vegar heimkynni frændþjóðar okkar Dana, þar sem verðið er 42% hærra en í meðallandi sambandsins.

Svona er verðlagsmunur á milli landa reiknaður


Fyrst er eins konar tilbúið gengi reiknað á milli landa með því að gera ráð fyrir að allar myntir hafi sama kaupmátt (þetta er kallað kaupmáttarjafnvægi mynta, PPP). Ef hamborgari kostar til dæmis 1000 krónur á Íslandi en 5 pund í Bretlandi þá ætti gengi myntanna að vera 200 krónur fyrir pundið miðað við kaupmáttarjafnvægi – borgarinn kostar það sama í báðum löndunum.

Ef skráð gengi er hins vegar innan við 200 krónur, þá er ástæðan sú að verðlag á Íslandi er hærra en í Bretlandi. Segjum til dæmis að skráð gengi sé 150 krónur fyrir pundið. Þá ætti borgarinn að kosta 750 krónur ef kaupmáttarjafnvægi ríkti á milli landanna, svo í raun er verðlag á hamborgurum á Íslandi $\frac{200}{150} - 1 = 33\%$ hærra en í Bretlandi. Verðmunur hamborgaranna er því hlutfallsmunurinn á *genginu m.v. kaupmáttarjafnvægi* og *skráða genginu.* Til að finna heildarverðlagsmuninn á milli landa má segja að hamborgaradæmið sé endurtekið fyrir allar vörur sem endurspeglast í almennri neyslukörfu heimila.

Dæmið er svo auðvitað einfaldara í löndum sem nota sömu mynt (t.d. innan evrusvæðisins) því þar nægir að bera verðlag eitt og sér saman milli landa (skráða gengið er alltaf jafnt og 1).

Hér má þó geta að bæði verðlagsmælingar og umreikningar á kaupmáttarjöfnuði eru skekkjum háð, og því má ekki taka samanburðinum of bókstaflega, þótt hann gefi ágæta mynd af mismunandi verðlagi í álfunni.


Þennan mikla mun á verðlagi má einna helst skýra með svokölluðum Balassa-Samuelson áhrifum, en þau fela í sér að verðlag er iðulega hærra í ríkari þjóðfélögum, en þeim fátækari. Með einfölduðum hætti má segja að þetta sé vegna þess að grundvöllur ríkidæmis landa eru tækniframfarir sem auka framleiðni, sem aftur verður til þess að laun þeirra sem framleiða áþreifanlegar vörur hækka. Til þess að þeir sem framleiða óáþreifanleg verðmæti (þjónustugeirinn) í ríkari og tæknivæddari löndum sígi ekki aftur úr launaþróuninni verða laun þeirra einnig að hækka, þótt engin framleiðniaukning standi að baki (hárskeri í Reykjavík afkastar t.a.m. eflaust jafnmiklu og hárskeri í Makedóníu, en samt fær sá fyrrnefndi mun meira borgað). Þetta veldur því síðan að verðlag hækkar yfir línuna í ríkari hagkerfum, á meðan það helst lágt í þeim fátækari þar til framleiðniaukning verður.



Heimild: Eurostat

Matur og óáfengir drykkir


Ísland er 10. dýrasta land álfunnar þegar kemur að mat og drykk, og er verð matar- og drykkjarvöru hér á landi einnig um 14% dýrara en í meðallandi Evrópusambandsins.



Heimild: Eurostat

Áfengi og tóbak


Áfengi og tóbak er meira en helmingi dýrara á Íslandi en innan Evrópusambandsins, en aðeins Írland og Noregur selja sopann og smókinn dýrar. Inni í vísitölunni eru sterk vín, léttvín og bjór í sömu hlutföllum og útgjöld heimilanna til vöruflokkanna. Það er því litið framhjá því að hugsanlega er hægt að nálgast alls kyns glundur mjög ódýrt, þótt dýr smekkur í neyslukönnunum valdi því að löndin *virðast* dýr – með öðrum orðum geta ódýrir valkostir leynst innan dýrra landa. Bretland er til að mynda næst dýrasta land Evrópusambandsins þegar kemur að áfengi, en þrátt fyrir það hafa þarlend yfirvöld miklar áhyggjur af því að unglingar geti nálgast ávaxtavín og alls kyns klénan bjór of ódýrt. Hér þarf einnig að athuga að skattlagning á áfengi leikur stórt hlutverk og er misjöfn eftir löndum.



Heimild: Eurostat

Fatnaður


Minnstur munur er á verði fatnaðar milli landa Evrópu. Þeir sem stefna á verslunarferðir ættu þó að íhuga hvert þeir fara. T.d. er því miður lítill sparnaður af því að fara til Svíþjóðar þótt Svíar séu annálaðir smekksmenn, en hins vegar gæti verslunarferð á Strikinu þyngt pyngjuna hlutfallslega. Sunnar og austar í álfunni er sparnaðurinn svo enn meiri, en hér skal ósagt látið hvort tískan á þeim slóðum hugnist öllum Íslendingum.



Heimild: Eurostat

Gististaðir og veitingahús


Það er hugsanlega áhyggjuefni að Ísland skuli ekki vera ódýrara fyrir ferðamenn en raun ber vitni eftir gengisfall síðustu ára. Gististaðir og veitingahús eru aðeins dýrari í sex öðrum löndum í Evrópu, en þeir eru tæplega 20% dýrari á Íslandi en í löndum Evrópusambandsins að meðaltali.



Heimild: Eurostat

Noregur dýrasti sumarleyfisstaðurinn, Tékkland ódýrast

Greiningardeild tók til gamans saman eins konar sumarleyfisvísitölu, þar sem þeir vöruflokkar vega þyngst sem greiningardeild telur Íslendinga á ferðalögum neyta helst. Hér er borið saman hversu dýrir eða ódýrir helstu áfangastaðir íslenskra flugfélaga eru í samanburði við Ísland. Kemur í ljós að Norðurlöndin og Sviss eru öll dýrari en Ísland, Noregur um 36% dýrari. Að öðru leyti ætti pyngjan að þyngjast sama hvert á land Íslendingar fara. Ódýrast er þó Tékkland, 40% ódýrara en Ísland, en nokkur flugfélög fljúga til Prag, sem þykir í ofanálag falleg borg. Hér má þó minnast á að ekki er tekið tillit til ferðakostnaðar heldur eingöngu dvalarkostnaðar, en flug á milli staðanna eru auðvitað misdýr.



*Í sumarleyfisvísitölunni vega þeir vöruflokkar þyngst sem íslenskir ferðamenn eru líklegir til að neyta mest. Þannig telja gististaðir og veitingahús mest, þar á eftir fatakaup, á meðan önnur matvara, áfengi, tóbak og bílaleiga vega minna. Lesendur eru þó hvattir til að hafa í huga að þessir útreikningar eru ekki vísindalegir, og ráðast m.a. af þeim takmörkuðu gögnum sem Eurostat gefur upp.

Heimild: Eurostat og greiningardeild

Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Davíð Stefánsson	david.stefansson@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hafsteinn Hauksson	hafsteinn.hauksson@arionbanki.is	444-6993
Kristrún Mjöll Frostadóttir	kristrun.frostadottir@arionbanki.is	444-6911
Stefán Broddi Guðjónsson	stefan.gudjonsson@arionbanki.is	444-6959
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973

Ábyrgðarmaður: Ásdís Kristjánsdóttir

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is